



29.12.2025

Hrannarstígur

Endurnýjun á gangstéttum og ljósastaurum ásamt uppbyggingu á götuprengingum með blágrænum beðum.

Framkvæmd í undirbúningi - áætluð verklok haust 2026





Upplýsingar um framkvæmd:

Endurnýjun á gangstéttum og ljósastaurum, og blágræn beð með götuprengingum sett upp. Verksvæði er í Hrannarstíg frá gatnamótum Fagurhóls að Sögumiðstöð eða við hús 8-14. Hönnun er lokið og áætlað er að setja verkið í verðkönnun/útboð snemma vors 2026. Húseigendur fengu sent bréf heim í nóvember 2025 þar sem verkefnið var kynnt og þeir fengu tækifæri til að koma með athugasemdir.

Markmið

Prenging í götu er sett til þess að hægja á umferð sem er gert í takt við aðalskipulag þar sem fjallað er um „[Gönguvænan Grundarfjörður](#)“. Gróðureyjur eru hluti af verkefninu um blágrænar ofanvatnslausnir og getur ofanvatn runnið greiðlega ofan í beðin af gangstétt. Þaðan kemst ofanvatnið beint niður í jarðveginn og léttir þar af leiðandi á fráveitukerfinu. Síðar verða stærri regnbeð sett hinu megin í götuna. Frágangur á hornum og köntum sérstaklega hugsuð með snjósmokstur í huga en blágræn beð eru einnig nýtt sem snjósöfnunarsvæði ef þess þarf.



BEÐ H

- rr BURNIRÓT
Phlox subulata
- ca FJALLAKORNBLOM
Campanula medium
- vo GARDABRÚÐA
Valeriana officinalis
- lm PRESTABRÁ
Lupinus albus
- ct VÖLSKUEYRA
Campanula medium



BEÐ I

- cl BLÁFÍFILL
Campanula medium
- rr BURNIRÓT
Phlox subulata
- ca FJALLAKORNBLOM
Campanula medium
- vo GARDABRÚÐA
Valeriana officinalis
- am GARDAMARIÚSTAKKUR
Achillea millefolium
- rl HÉLURIFS
Helianthus annuus
- tc (HROKKID)REGNFANG
Trifolium repens
- gm ILMBLÁGRESI
Geranium macranthum
- su POSTULÍNSBLÓM
Scilla maritima
- lm PRESTABRÁ
Lupinus albus
- hj SILKIBYGG
Helianthus annuus
- ct VÖLSKUEYRA
Campanula medium



Upplýsingar um plöntuval:

Plöntur voru valdar með tilliti til vind- og saltþols ásamt því að þurfa að vera barnvænar og þola þungt snjófarg. Var sérstaklega leitað í garða heimamanna og ráðlegginga þeirra til þess að fá innblástur fyrir "Grundfirskar" tegundir. Haft var í huga nánd við aðliggjandi einkagarða og ekki voru valdar tegundir sem taldar eru dreifa sér úr hófi. Úthagatorf verður sett næst götu til að verja plöntur fyrir akstri og moksturstækjum. Sérstakar plöntur voru settar fyrir frjóbera (býflugur) og með mismunandi blómgunartíma til þess að hafa fjölbreytni sem lengst yfir árið. Farið var eftir hugmyndafræði Piet Oudolf, þar sem plöntur eru raðaðar þétt saman, sum leyft að skriða og yfirtaka svæði, en aðrar ekki. Beðin verða síbreytileg og halda áfram að þróast líkt og villt blómengi. Hæð plantna ræðst af öryggi fyrir gangandi vegfarendur ásamt því að passa upp á sjónlínur á gatnamótum fyrir ökumenn.